

Ed.

17. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

5. gr. laganna skal orða svo:

Vátryggingarupphæð kynbótanauta og kynbótahesta, sem tryggðir eru samkv. 3. gr. a-lið, ákveður vátryggjandi. Þyki stjórn Brunabótafélagsins vátryggingarupphæðin óeðlilega há, getur hún leitað álits ráðunauts Búnaðarfélags Íslands í viðkomandi búgrein um málið, og ákveður hann þá vátryggingarupphæðina. Er ákvörðun hans bindandi fyrir báða aðila.

Vátryggingarupphæð gripa, sem eru tryggðir samkv. 3. gr. b-lið, ákveður vátryggjandi, og má það vera hæst tvöfalt skattmat, nema á kynbótahrútum, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á sýningu, þar má það vera allt að áttföldu skattmati.

Vátryggingarupphæð gripa, sem tryggðir eru samkvæmt 4. gr., má vera tvöfalt skattmat, og þó allt að fimmföldu skattmati á karldýrum, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á sýningum.

Eindagi á iðgjöldum er samtímis því, er tryggingar eru skráðar.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felldur V. kafli laga um búfjárrækt, nr. 32 8. sept. 1931.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk landbúnaðarráðherra, en nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja við það breytingar eða fylgja breytingum, er fram kunna að koma. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Með kynbótastarfsemi þeirri, er fram hefur farið á undanförunum áratugum, hafa komið fram stofnar í búfénu, sem taka fjöldanum mikið fram. Þetta hefur leitt til þess, að eftirspurn eftir skepnum af þessum stofnum er mikil og fyrir þær gefið hærra verð en aðrar skepnur, sem ekki eru valdar. Þegar karldýrið eldist og það sést gegnum afkvæmi þess, hvaða eiginleikar búa í því, er boðið í það margfalt verð miðað við venjulegar skepnur, og er þetta eðlilegt og sjálfsagt. Lögin mundu því verða lítið notuð, ef ekki mætti tryggja kynbótagripi hærra verði en tvöföldu skattmati, og er því gert ráð fyrir því með frumvarpi þessu að breyta lögum svo, að vátryggjandi megi ráða, fyrir hvaða verð hann tryggir gripi sína, er um kynbótagripi er að ræða. Þyki stjórn Brunabótafélagsins vátryggingarupphæðin grunsamlega há, þá er í lagafrumvarpinu gert ráð fyrir, að hún geti leitað álits ráðunauts Búnaðarfélags Íslands í viðkomandi búfjárgrein. Þar sem viðkomandi ráðunautur þekkir hinn vátryggða grip og ætt hans allra manna bezt, er ákvörðun hans um vátryggingarupphæðina látin ráða.

Þær breytingar, sem hér er því lagt til, að gerðar verði á lögnum, eru afleiðing þess, hvernig kynbótastarfsemin er rekin hjá oss nú. Virðist ekki ástæða til að útskýra þörfina til breytinganna frekar.